

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Faðm.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Faðmur“. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík, Hátúni 12 (póstnr. 105).

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Heilaheill, kt. 611294-2209, með 732.000 kr. stofnframlagi. Óskerðanlegt stofnframlag sjóðsins er því 732.000 kr.

3. gr.

Stjórn Faðms er skipuð fimm einstaklingum sem skipaðir eru af stjórn Heilaheilla á hverjum tíma til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Tveir endurskoðendur eru jafnframt skipaðir af stjórn Heilaheilla.

4. gr.

Stjórn Faðms ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miða við almanaksár. Fyrsta reikningstímabil skal miða frá stofnun sjóðsins til 31. desember sama ár.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styðja barnafjölskyldur þar sem foreldri hefur fengið slag (heila-blóðfall). Hægt er að sækja um styrk úr sjóðnum fyrir ýmsu því er viðkemur börnum þess sem á við sjúkdóminn að etja svo sem tómsundum og námi eða öðrum óvæntum útgjöldum sem erfitt er að mæta sökum tekjuskerðingar á meðan á veikindum fjölskyldumeðlims stendur. Sjóðurinn er því ekki framfærslusjóður heldur ætlað að mæta þekktum sem og óvæntum útgjöldum er snúa að börnum á heimili þess sem fyrir sjúkdómnum verður.

6. gr.

Stjórn Faðms tekur ákvarðanir um ráðstöfun úr sjóðnum samkvæmt starfsreglum sem stjórnin setur sér. Þar skal m.a. kveðið á um heildarfjárhæð styrkja, hverjir hafi rétt á að sækja í sjóðinn og umsóknarferil.

7. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Skipulagsskrá þessari má breyta á sameiginlegum fundi stjórnar Heilaheilla og stjórnar Faðms. Sama gildir ef sjóðurinn er lagður niður og skal þá ráðstafa fjármunum hans eins og kveðið er á um í 6. gr.

8. gr.

Staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni skv. 1. gr. reglugerðar nr. 1125/2006.

Nr. 1006

20. júní 2008

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skiplagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 20. júní 2008,

Birkir M. Magnússon staðgengill.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2008